

alm. hegningarlagi. Málsvarnarkrafa hans verður ekki tekið til greina og heldur ekki krafan um að dómariinn viki sæti í málinu.

Á málinu hefir enginn annar dráttur orðið en sá, sem leitt hefir af miklum embættisönnum og ónógri aðstoð dómarsins.

Mánudaginn 8. nóv. 1933.

Nr. 22/1933. **Gestur Bjarnason** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

**Gróu Jóhannesdóttur og
gagnsök.**

(cand. jur. Einar B. Guðmundsson).

Dánarbætur.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
24. nóv. 1932: Stefnur, Gestur Bjarnason, bifreiðarstjóri í Stykkishólmi, greiði stefnandanum, Gróu Jóhannesdóttur, ekkju í Stykkishólmi, 8400 — átta þúsund og fjögur hundruð krónur — ásamt 5 — fimm — % ársvöxtum af þeirri upphæð frá 7/9 1930 að telja þar til greitt er. Svo greiði stefnur og stefnandanum 400 — fjögur hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar af hálfu beggja aðila. Hefir aðaláfrýjandi krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og hann dæmdur til að greiða málskostnað í báðum réttum, en til vara að ídæmdar skaðabætur verði lækkaðar, vextir af þeim taldir frá sáttakærudegi og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti, en að máls-

kostnaður í héraði verði látinn falla niður. Gagnáfrýjandi, er fengið hefir gjafvörn og gjafsókn í hæstarétti og sér skipaðan talsmann þar, hefir hinsvegar krafizt, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 10400 kr. í skaðabætur með 5% vöxtum frá 7. sept. 1930 til greiðsludags og málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Samkvæmt því sem segir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi var hvorki eiginmaður gagnáfrýjanda valdur að slysi því, er hafði dauða hans í för með sér né heldur þriðjimaður og hefir aðaláfrýjandi eigi sannað, að slysið hefði hlotið að vilja til þótt hann hefði sýnt þá aðgæzlu og varkárni, er honum sem öikumanni var skylt að gæta. Er hann því samkvæmt 15. gr. í lögum nr. 56, 15. júní 1926 sbr. nú 15. gr. í lögum nr. 70, 8. sept. 1931, skaðabótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda.

Skaðabótakrafa gagnáfrýjanda er þannig sundurliðuð, að 50 kr. er læknskostnaður, 350 útfararkostnaður og 10000 kr. dánarbætur, hefir aðaláfrýjandi ekki mótmælt tveimur fyrstu liðum kröfunnar, en krafizt lækkunar á dánarbótunum. Sérstaklega með tilliti til þess, að frá þeim eigi að draga bætur þær, er gagnáfrýjandi hafi fengið frá Slysa-tryggingu ríkisins. Er það viðurkennt, að gagnáfrýjandi hafi áður en málssókn þessi var hafin fengið fyrir sig og börn sín greiddar 4200 kr. frá Slysa-tryggingunni, og sést það af málflutningunum fyrir undirrétti að í málinu er krafizt 10000 kr. dánarbóta, auk þessarar upphæðar. Með upplýsingum er komið hafa fram af nýju við flutning málsins í hæstarétti er það gert sennilegt, að árlegar atvinnutekjur hins látna eiginmanns gagnáfrýjanda, er var verkamaður og 48 ára að aldri þegar hann

andaðist, hafi verið um 2200 kr. Og ennfremur er það upplýst, að gagnáfrýjandi var 29 ára að aldri, er eiginmaður hennar beið bana af slysinu, og að þau áttu 4 börn, hið yngsta fætt sama dag og slysið vildi til, en hin voru á aldrinum 9 ára, 5 ára og 3 ára. Að þessu athuguðu verður eigi litið svo á, að gagnáfrýjandi hafi krafizt hærri dánarbóta en aðaláfrýjanda er skylt að greiða og verður því að dæma hann til að greiða gagnáfrýjanda 10400 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 22. dez. 1931 til greiðsludags.

Eftir þessum árslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í undirrétti og hæstarétti, er með tilliti til þess að málið er gjafsóknarmál þykir hæfilega ákveðinn samtals 400 kr. og eru þar með talin málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti, er ákveðast 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Gestur Bjarnason, greiði gagnáfrýjanda, Gróu Jóhannesdóttur 10400 kr. með 5% vöxtum frá 22. dez. 1931 til greiðsludags. Svo greiði hann og gagnáfrýjanda 400 kr. í málskostnað í undirrétti og hæstarétti, þar í talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir hæstarétti, cand. jur. Einars B. Guðmundssonar, 150 kr.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með sáttkæru dags. 12. dez.

f. á. og þingfest 16. jan. þ. á., er risið út af dánarbótum fyrir Elivarð sáluga Jónsson í Stykkishólmi eiginmann stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. sept. 1930 var e/s Gullfoss staddur hér í Stykkishólmi og vann Gestur Bjarnason bifreiðarstjóri að uppskipun og útskipun í skipið með bifreið sinni S. H. 2. Klukkan 3—4 um daginn var verið að afferma bifreiðina og stóð hún á steinpalli ofan við bryggjuna, er hallaðist lítið eitt fram að henni og sneri stýrishúsið upp frá bryggjunni. Vann Elivarður Jónsson ásamt öðrum mönnum að því að losa bifreiðina og er þeir höfðu lokið því, stóðu þeir aftan við hana, en á bryggjunni bak við þá var fullt af kössum og varningi, ætlaði bifreiðarstjórinn þá að setja bifreiðina í gang með sveifinni og keyra burt, að sækja meiri varning, en í því er hann setti hana í gang, kipptist bifreiðin aftur á bak og rakst á Elivarð Jónsson. Virtist í fyrstu að hann væri lítt meiddur, en brátt versnaði honum mjög og að tveim dögum liðnum var hann látinn, að því er læknir telur af afleiðingum höggs þess, er er hann fékk af bifreiðinni.

Að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins var höfðað opinbert mál gegn bifreiðarstjóranum, Gesti Bjarnasyni, út af atviki þessu og hann ákærður fyrir brot gegn ákvæðum 200. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25/6 1869 og bifreiðalaganna nr. 56, frá 1926, og var hann í því máli með dómi aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gengnum 14/11 1931 sýknaður af kærri réttvísinnar og valdstjórnarinnar. Er dómur þessi, sem staðfestur hefir verið af hæstarétti, lagður fram í málinu sem rjskj. nr. 11.

Stefnandi krefst þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér 10000 kr. í dánarbætur og 400 kr. til greiðslu læknis- og greiftrunarkostnaðar og 5% ársvaxta af þessum upphæðum frá 7/9 1930 til greiðsludags. Loks krefst hún þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað, kr. 490,00.

Stefndur krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að bótakrafa stefnanda verði lækkuð eftir mati réttarins. Loks krefst hann þess að sér verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Stefnandinn byggir kröfu sína um skaðabætur á því, að stefnda sem fyrirsvarsmanni bifreiðarinnar S. H. 2, sé skylt að bæta það tjón, er hún varð fyrir við að missa eiginmann sinn við slys þetta. Bendir umboðsmaður stefnanda á í því sambandi 15. gr. laga nr. 56 frá 15% 1926, er ákveður um skaðabótaskyldur fyrirsvarsmanns bifreiðar út af slysum, sem hljóta af notkun hennar. Telur hann sannað í málinu, að hvorki Elivarður heitinn né nokkur þriðji maður hafi verið orsök í slysinu af ásettu ráði eða með vitaverðri óvarkárni, en hinsvegar sé sannað að öku- maðurinn, Gestur Bjarnason, hafi ekki sýnt þá varkárni sem nauðsynleg verði að teljast, en hann vanrækt að til- kynna mönnum þeim er stóðu aftan við bifreiðina, kví- aðir milli hennar og varnings þess, sem á bryggjunni var, að hann ætlaði að setja bifreiðina í gang.

Að því er snertir upphæð dánarbótarkröfunnar tekur umboðsmaður stefnanda það fram, að hann telji fjárhags- legst tjón umbjóðanda síns af slysinu ekki nándarnærri bætt þótt hún fái tildæmda upphæð þá, er hann hefir kraf- izt. Kveðst hann eingöngu hafa miðað upphæð dánar- bótarkröfunnar við upphæð tryggingu þeirrar, er honum var kunnugt að keypt hafði verið fyrir bifreiðina S. H. 2 hjá váttryggingarfélaginu Danske Lloyd, en hún hafi verið 10000 kr.

Umboðsmaður stefnds byggir kröfu sína um sýknu á því, að stefnda sé ekki skylt að bæta fyrir slysið, þar sem upplýst sé að hann hafi sýnt er það vildi til, alla þá að- gætni og varkárni er honum sem öikumanni bar að sýna.

Varakröfu sína um lækkun dánarbótanna byggir um- boðsmaður stefnds á því að ósannað sé, að tjón stefnanda af slysinu hafi verið svo mikið að nemi kröfu hennar. Hefir hann í því sambandi skorað á umboðsm. stefnanda að afla upplýsinga um tekjur Elivarðar heitins af atvinnu undanfarin ár. Þá hefir umboðsm. stefnda í þessu sam- bandi haldið því fram, að draga beri frá dánarbótum þeim, sem taldar eru hæfilegar fyrir Elivarð heitinn, þær 4200 kr., er ekkja hans og börn hafa fengið úr Slysatrygg- ingu ríkisins, því álitamál sé hvort Slysatryggingin eigi ekki kröfu á hendur stefndum fyrir bótum, sem hún hafi orðið að greiða, og að minnstakosti sé fjárhagstjón stefn- anda þeim mun minna sem þeirri upphæð nemur.

Að réttarins áliti verður eigi sagt um það með neinni vissu af hvaða orsökum slys það varð, er hér um ræðir, hvort bifreiðin rann aftur ábak á Elivarð heitinn vegna þess að gearstöngin var í aftur ábak „gear“, eða hvort hún gerði það af því stefndur studdi svo fast á bifreiðina er hann sneri sveifinni til að setja hana í gang. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að stefndum sem reyndum bifreiðarstjóra, hefði átt að vera það ljóst, að hugsanlegt væri að bifreiðin rynni aftur á bak er hann setti hana í gang, sérstaklega er það er athugað, að hún stóð á steinpalli í lítillsháttar halla. Bar honum því, ef hann vildi gæta fyllstu varkárni, að aðvara menn þá, er stóðu aftan við bifreiðina, um að hann ætlaði að setja hana í gang og því fremur bar honum að gera þetta þar sem fullt var af kössum og varningi aftan við hana svo að þeir, sem þar stóðu, voru í nokkurskonar kví og höfðu lítið sem ekkert svigrúm til að forða sér ef bifreiðin fór að hreyfast aftur á bak. Verður rétturinn því að telja, að vanræksla stefnda á því að gera mönnum þeim, er stóðu aftan við bifreiðina aðvart um að hann ætlaði að setja hana í gang, hafi bakað honum skaðabóta ábyrgð samkv. 15. gr. bifreiðalaganna, þótt hún eigi hafi bakað honum refsí-ábyrgð.

Að því er snertir upphæð dánarbótanna verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsm. stefnds, að hún verði fyrst og fremst að miðast við aldur hins látna og atvinnutekjur hans undanfarin ár. Er upplýst fyrir réttinum, að Elivarður heitinn var 48 ára er hann lést, en þrátt fyrir áskorun umboðsm. stefnds hefir umboðsm. stefnanda engar upplýsingar gefið um atvinnutekjur hans, þá verður rétturinn og að fallast á þá skoðun umboðsmanns stefnds, að taka beri tillit til þess, er ákveða á hvert fjárhagslegt tjón stefnandi hafi beðið við missi eiginmanns síns, að henni og börnum þeirra hafa borizt 4200 kr. bætur úr Slysatryggingu ríkisins fyrir hann.

Að öllu þessu athuguðu virðist rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 8000 kr. í dánarbætur fyrir mann hennar, Elivarð heitinn Jónsson. Einnig virðist rétt að dæma hann til að greiða stefnanda lækni- og greiftnar-kostnað og virðist hann þar sem stefndur hefir ekki sérstaklega mótmælt þeirri upphæð, vera hæfilega ákveð-

inn 400 kr. eins og stefnandi hefir krafizt hans í sátta-
kærunni, rjskj. 2.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að
greiða stefnandanum 8400 kr. ásamt 5% ársvöxtum af
þeirri upphæð frá 7/9 1930 til greiðsludags, svo ber og að
dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað er
virðist hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Föstudaginn 10. nóv. 1933.

Nr. 97/1933. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Ragnars (Eggert Claessen).

Bifreiða- og áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. ág. 1933: Kærði,
Jón Ragnars, greiði 100 króna sekt til rikissjóðs og komi
einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki
greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og æfilangt sviftur ökuleyfi sínu.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum
áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann,
þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá
birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað
sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækj-
anda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutn-
ingsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts
Claessen, 50 kr. til hvors.